



HRUNAMANNAHREPPUR

52. FUNDUR HREPPSNEFNDAR
KJÖRTÍMABILÍÐ 2006 – 2010 12. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN MIÐVIKUDAGINN 9. DESEMBER 2009
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2009, þann 9. desember kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Hallgrímsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Ísólfur Gylfi Pálmason sem skráði fundargerð og Ragnar Magnússon, oddviti sem setti fund og stjórnáði honum. Oddviti bauð endurskoðanda Hrunamannahrepps, Einar Sveinbjörnsson og Svanhildi Hrönn Pétursdóttur, sem og aðra fundarmenn velkoma til fundarins. Því næst óskaði oddviti eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að fá að leggja fram fundargerð Veitustjórnar og Fræðslunefndar báðar frá 7. desember og FMÆ nefnd frá 17. nóvember s.l. Einnig erindi frá Ragnari Sölva Geirssyni og Berglindi Ágústsdóttur v. fyrirhugaðs nýs lögbylis í landi Efra Langholts og drög að Leigusamningi v. Hverahólma frá Birni Kjartanssyni en þau erindi höfðu borist eftir að fundargögn voru send út. Framlagningin var samþykkt.

Dagskrá fundarins:

Erindi til hreppsnefndar:

1. Ákvörðun um álagningaprósentu útsvars 2010.
2. Reglur um tekjutengdan afslátt fasteignaskatts hjá elli- og örorkuleyfisþega í Hrunamannahreppi 2010
3. Tillaga að gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpförgun í Hrunamannahreppi 2010
4. Drög að fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps 2010.
5. Vinnueftirlit v. öryggistrúnaðarmanna.
6. Karlakór Hreppamanna v. Kötlumóts 2010.
7. Drög að innkaupareglum Hrunamannahrepps (til kynningar).
8. Samband isl. sveitarfélaga bréf frá 30. nóv. málefna fatlaðra.
9. Endurskoðun fasteignamats í Hrunamannahreppi
10. Sorphirða- og sorpförgun ýmis gögn.
11. Umhverfisstofnun: Stækkun friðlands í Þjórsárverum.
12. Nefndarstörf í Hrunamannahreppi – þóknun -
13. Umhverfisstofnun v. refaveiða.
14. Bréf ábúenda í Efra Langholti v. lögbylis
15. Drög að leigusamningi um Hverahólma.

Fundargerðir v. stofnana Hrunamannahrepps:

1. 36. fundur Veitustjórnar frá 7. desember s.l.
2. 5. fundur fræðslunefndar v. leikskóla frá 26. nóv. 2009
3. 5. fundur fræðslunefndar v. Flúðaskóla frá 8. desember s.l.
4. 13. fundur Ferða-menningar og æskulýðsnefndar frá 17. nóv. s.l.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps.

1. 18. fundur Skipulags- og byggingarnefndar 25 nóv. s.l. (Afgreiðslur byggingarfulltrúa – afgreiðslufundar – fjárhagsáætlun endurskoðuð 2009 og fjárhagsáætlun 2010).
2. 117. fundur félagsmálanefndar frá 6. 5. nóv. s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: 429. fundur stjórnar frá 13. nóv. s.l.
- b. Skólaskrifstofa Suðurlands: 118. stjórnarfundur frá 26. nóv. s.l.
- c. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: 122. fundur stjórnar frá 24. september s.l.
- d. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: 4. aðalfundur frá 15. nóvember s.l.
- e. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Starfsleyfi hreinsivirkis fráveitu.
- f. Sorpstöð Suðurlands: 178. stjórnarfundur frá 2. október s.l.
- g. Sorpstöð Suðurlands: 179. stjórnarfundur frá 14. október s.l.
- h. Sorpstöð Suðurlands: 180. stjórnarfundur frá 23. október s.l.
- i. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: 289. fundur stjórnar frá 2. desember s.l.
- j. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Minnisblöð frá 4. nóv. og 2. des. s.l.
- k. Héraðsnefnd Árnesinga: 50. fundur frá 20. október s.l.

Önnur mál og upplýsingar:

- a. Sambandið og KÍ: v. rannsóknarniðurstaðna bréf frá 23. okt. s.l.
- b. Jöfnunarsjóður: Áætlað tekjujöfnunarframlag 2009.
- c. Jöfnunarsjóður: Áætlað aukaframlag 2009.
- d. FSU: Ályktun v. útibú FSU í Rangárþingi.
- e. Karlakórinn Þrestir: Þakkarbréf frá október s.l.
- f. Sambandið: 768. fundur stjórnar frá 30. okt. s.l.
- g. Sambandið: Minnisblað frá 10. nóv. minnisblað með fjárlagafrumvarpi.3. fundur.
- h. Sambandið: Verkfallslisti, bréf frá 9. nóvember s.l.
- i. Stígamót: Fjárbeiðni 2010
- j. UMFÍ: Samþykktir frá 46. sambandsþingi.
- k. Æskulýðssjóður: Umsókn v. félagsmiðstöðvar
- l. Menntamálaráðuneytið: Fjöldi skóladaga í grunnskóla 2008-2009
- m. HSK: Bréf frá 23. nóv. s.l.
- n. Námsgagnsstofnun: Umræðufundir í vetur.
- o. Landskerfi bókasafna: Samþætt leitarvél fyrir Ísland bréf frá 30. nóv. sl.
- p. Rangárþing ytra: Bréf v. sóknaráætlunar 20/200

Fundir framundan:

1. Aðalfundur Reiðhallarinnar á Flúðum mánudaginn 14. des. n.k. kl. 20.30 í Félagsheimili Hrunamanna.
2. Hreppsnefndarfundur 17. desember seinni umræða fjárhagsáætlunar og myndataka.
3. Aðalfundur Hótel Flúða 18. desember n.k.

Skýrslur liggja frammi á skrifstofu:

1. Félags- og Tryggingamálaráðuneytið: Rannsókn v. ofbeldis karla gegn konum.
2. Heilbrigðisstofnun Suðurlands: Ársskýrsla 2008.

Því næst var gengið til dagskrár:

1. **Ákvörðun um álagningaprósentu útsvars 2010.** Oddviti kynnti og lagði fram tillögu um álagningarprósentu útsvars árið 2010. Lagt er til að álagning verði óbreytt, eða 13,28%. Hreppsnefnd samþykkir tillöguna samhljóða.
2. **Reglur um tekjutengdan afslátt fasteignaskatts hjá elli- og örorkuleyfisþega í Hrunamannahreppi 2010.** Oddviti kynnti og lagði fram reglur um aflátt fasteignaskatt elli og örorkuleyfisþega. Hreppsnefnd samþykkir tillöguna. Hreppsnefnd samþykkir tillöguna en felur sveitarstjóra að kanna reglur annarra sveitarfélaga um afslátt af eignarhluta hjóna.
3. **Tillaga að gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpförgun í Hrunamannahreppi 2010** Oddviti lagði fram tillögu um gjaldskrá sorphirðu og sorpförgun. Gert er ráð fyrir 5-10% hækkun á gjaldliði fá gjaldskrá síðasta árs. Sorpgjöld íbúðarhúsa verði kr. 15.300, sorpeyðingargjald verði 16.200, sumarhúsa kr. 12.800 og atvinnuhúsnæðis kr. 32.025. Aukasorpgjöld hækka um 5% frá síðustu álagningu 2008. Hreppsnefnd samþykkir tillöguna.
4. **Drög að fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps 2010.** Endurskoðandi Hrunamannahrepps fór yfir helstu kennitölur og forsendur Fjárhagsáætlunar Hrunamannahrepps fyrir árið 2010. Helstu forsendur eru: Reiknað er með að útsvar hækki um 5. milljónir kr. Fasteignaskattur er byggður á bráðabirgðaálagningu á fasteignamati fyrir árið 2010. Álagningahlutföll verði hin sömu og ársins 2009, eða 0.60% í A flokki, og 1.32% í B- og C- flokki. Gert er ráð fyrir að framlög úr Jöfnunarsjóði hækki, frá áætlun 2009, þar sem raunframlög eru hærrí en að vanda er nokkur óvissa um þau framlög, þar sem áætlun sjóðsins liggur ekki fyrir. **Rekstur einstakra málaflokka var yfirfarinn með hliðsjón af endurskoðaðri áætlun 2009 og gerðar breytingar eftir því sem ástæða var talin. Haft var samráð við forstöðumenn deilda. Þjónustutekjur sem lagðar**

eru með fasteignagjöldum eru áætlaðar með hliðsjón af fyrirbyggjandi tillögum. Önnur atriði: Gert er ráð fyrir afborgunum lána í samræmi við skilmála þeirra. Eignasjóður – rekstur en til tekna færast leigutekjur frá aðalsjóði. Til gjalda færast bein rekstrargjöld s.s. viðhald, fasteignagjöld og tryggingar. Eignasjóður fjármunatekjur og fjármunagjöld: Meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda færast vaxtagjöld og langtímaskuldum við aðalsjóð og vegna annarra langtímalána. Fjárfestingar og lántökur: Ekki er gert ráð fyrir fjárfestingum í eignasjóði og ekki er gert ráð fyrir lántökum í áætluninni. Helstu niðurstöður: Samkvæmt niðurstöðum rekstrarreiknings er tekjuafgangur á samstæðunni að fjárhæð kr. 9. millj. Eftir umræður og fyrirspurnir samþykkti hreppsnefnd að vísa áætluninni til seinni umræðu með breytingum sem ræddar voru á fundinum áætlað er að sá fundur verði fimmtudaginn 17. desember. Að þessum dagskrárlið loknum yfirgáfu þau Einar Sveinbjörnsson og Svanhildur Hrönn fundinn.

5. **Vinnueftirlit v. öryggistrúnaðarmanna.** Oddviti lagði fram gögn frá Vinnueftirliti Suðurlands. Guðmundur Karl Guðfinnsson og Hannibal Kjartansson hafa verið útnefndur öryggistrúnaðarmenn en Jóhann Marelsson, slökkviliðsstjóri útnefndur öryggisvörður. Bréfin lögð fram til kynningar.
6. **Karлакór Hreppamanna v. Kötlumóts 2010.** Oddviti kynnti bréf frá undirbúningsnefnd Kóramóts sunnlenskra karlakór, þar sem óskað er eftir að Hrunamannahreppur láni Félagsheimili, íþróttahús og Flúðaskóla vegna mótsins sem verður haldið 16. október 2010. Hreppsnefnd samþykkir að láta í té húsnæði í samráði við forstöðumenn húsanna og felur sveitarstjóra að kynna ákvörðunina.
7. **Drög að innkaupareglum Hrunamannahrepps (til kynningar).** Oddviti kynnti drög að innkaupareglum fyrir Hrunamannahrepp til kynningar. Hreppsnefnd samþykkir að vísa málinu til annarrar umræðu þann 17. desember n.k.
8. **Samband ísl. sveitarfélaga bréf frá 30. nóv. málefna fatlaðra.** Oddviti kynnti bréf frá Sambandinu vegna tilfærslu á þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga. Einnig kynnti sveitarstjóri tölvuskeyti sem borist hafði frá hreppsnefnd Grímsnes og Grafningshrepps vegna málsins hreppsnefnd tekur undir að nauðsynlegt sé að halda sameiginlegan fund um málið. Erindin lögð fram til kynningar.
9. **Endurskoðun fasteignamats í Hrunamannahreppi** Oddviti sagði frá viðtölum sem hann og sveitarstjóri hafa átt við forráðamenn Fasteignaskrár Íslandi vegna fasteignamats í Hrunamannahreppi. Einnig var lagt fram bréf þar sem hreppsnefnd leggur áherslu á að fasteignamat í Hrunamannahreppi verði endurskoðað. Erindið lagt fram til kynningar.
10. **Sorphirða- og sorpförgun ýmis gögn.** Oddviti kynnti ýmis gögn er varða sorphirðu og förgun á sorpi m.a. bréf frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Matvælastofnunar vegna erindis hreppsnefndar um að fá að urða dýrahæ á gámasvæði hreppsins. Erindin lögð fram til kynningar.
11. **Umhverfisstofnun: Stækkun friðlands í Þjórásarverum.** Oddviti kynnti bréf frá Umhverfisstofnun. Stofnunin telur brýnt að gott samráð sé við sveitarstjórnir um stækkun friðlands í Þjórásarverum og óskar því eftir að þær tilnefni fulltrúa í vinnuhóp vegna stækkunarinnar. Tillaga var gerð um að Halldóra Hjörleifsdóttir verði aðalmaður í nefndinni og að Esther Guðjónsdóttir verði varafulltrúi hreppsins í nefndinni.
12. **Nefndarstörf í Hrunamannahreppi – þóknun – Sveitarstjóri fór yfir þóknunarmál nefndarmanna í Hrunamannahreppi.** Hreppsnefnd

nefnd samþykkir óbreytta þóknun nefndarmanna en felur sveitarstjóra að gera breytingar á orðalagi vegna tillögu frá árinu 2008.

13. Umhverfisstofnun v. refaveiða. Oddviti kynnti bréf vegna endurgreiðslna vegna refaveiða. Ekki er gert ráð fyrir endurgreiðslum að hálfu ríkisins. „Hreppsnefnd Hrunamannahrepps mótmælir harðlega þeirri ákvörðun Alþingis að gera ekki ráð fyrir neinum fjármunum til endurgreiðslu vegna refaveiða. Hreppsnefnd hvetur til þess að þessi ákvörðun verði endurskoðun í annarri umræðu fjárlaga ársins 2010.“ Sveitarstjóra falið að senda samþykktina til fjárlaganefndar og þingmanna Suðurkjördæmis.
14. Bréf frá ábúendum í Efra Langholti: Þar er óskað eftir umsögn hreppsnefndar hvort mögulegt væri að stofna lögbýli á 40 ha. spilda úr landi Efra Langholts. Hreppsnefnd telur að þessi breyting samrýmist aðalskipulagi sveitarfélagsins og tekur jákvætt í erindið.
15. Drög að leigusamningi vegna Hverahólma: Lögð voru fram drög að leigusamningi vegna Hverahólma. Hreppsnefnd frestar afgreiðslu málsins til fundar 17. desember n.k. og felur oddvita og sveitarstjóra að fara yfir samninginn m.t.t. umræðu sem átti sér stað á fundinum.

Fundargerðir v. stofnana Hrunamannahrepps:

1. 36. fundur Veitustjórnar frá 7. desember s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Þar er fjallað m.a. hugmyndir garðyrkjubænda um raforkumál, Átaksveitu, frambæjarveitu o.fl. Einnig var samþykkt tillaga um 10% hækkun hitaveitu á öllum gjaldskrárlíðum. Þá var samþykkt að notkunargjald væri óbreytt kr. 23. kr. per. m³, lágmarksgjald íbúðarhúsa verði kr. 30.000 og að hámark verði kr. 60.000. Vatnsgjald sumarhúsa verði kr. 23.400. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina og tillögur að verðlagsbreytingum.
2. 5. fundur fræðslunefndar v. leikskóla frá 26. nóv. 2009 Oddviti kynnti 5. fund fræðslunefndar á árinu. Farið var yfir skýrslu leikskólastjóra, fjárhagsáætlun og önnur mál. Gert er ráð fyrir 3% hækkun á leikskólagjöldum sem tekur gildi 1. janúar n.k. Einnig er gert ráð fyrir að matarkostnaður hækki um 10%. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina og tillögu að verðlagsbreytingum.
3. 5. fundur fræðslunefndar v. Flúðaskóla frá 8. desember s.l. Oddviti kynnti 3. fund fræðslunefndar vegna Flúðaskóla á árinu. Farið var yfir skýrslu skólustjóra og fleira. Samþykkt var að hækka útselda máltíð úr mótuneyti í kr. 220. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina og verðlagsbreytinguna. Sveitarstjóra er falið að senda ályktun fræðslunefndar, sem hreppsnefnd tekur heilshugar undir, til Menntamálaráðuneytisins varðandi niðurskurð fjarnáms grunnskólanemenda í framhaldsskólum.
4. 13. fundar Ferða,-menningar og æskulýðsnefndar frá 17. nóv. s.l. Þar er m.a. fjallað um endurútgáfu gönguleiðakorts og leiðréttingar á fyrra korti. Einnig um skipulagðar gönguferðir sumarsins. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps.

1. 18. fundur Skipulags- og byggingarnefndar 25 nóv. s.l. (Afgreiðslur byggingarfulltrúa – afgreiðslufundar – fjárhagsáætlun endurskoðuð 2009 og fjárhagsáætlun 2010). Oddviti kynnti og lagði fram fundargerð fundar Skipulags og byggingarnefndar frá 25. nóv. sl. Þar voru lögð fram deiliskipulagsbreyting fyrir Grund á Flúðum, og samþykktar viðbyggingar við sumarhús í Heiðarbyggð, breytingar á notkun gripahúsa, og gróðurhúsabygging við íbúðahús. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina og endurskoðaða fjárhagsáætlun 2009. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að kanna með lagnakvöð varðandi fyrirhugaða viðbyggingu við Grund.

2. 117. fundur félagsmálanefndar frá 6. 5. nóv. s.l. Oddviti kynnti fundargerð 117. fundar félagsmálanefndar. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: 429. fundur stjórnar frá 13. nóv. s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- b. Skólaskrifstofa Suðurlands: 118. stjórnarfundur frá 26. nóv. s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- c. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: 122. fundur stjórnar frá 24. september s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- d. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: 4. aðalfundur frá 15. nóvember s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- e. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Starfsleyfi hreinsivirkis fráveitu. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- f. Sorpstöð Suðurlands: 178. stjórnarfundur frá 2. október s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- g. Sorpstöð Suðurlands: 179. stjórnarfundur frá 14. október s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- h. Sorpstöð Suðurlands: 180. stjórnarfundur frá 23. október s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- i. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: 288. og 289. fundur stjórnar frá 4. nóv. og 2. desember s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- j. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Minnisblöð frá 4. nóv. og 2. des. s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.
- k. Héraðsnefnd Árneseinga: 50. fundur frá 20. október s.l. Oddviti kynnti fundargerðina. Hreppsnefnd staðfesti fundargerðina.

Önnur mál og upplýsingar:

- a. Sambandið og KÍ: v. rannsóknarniðurstaðna bréf frá 23. okt. s.l. Lagt fram til kynningar.
- b. Jöfnunarsjóður: Áætlað tekjujöfnunarframlag 2009. Lagt fram til kynningar.
- c. Jöfnunarsjóður: Áætlað aukaframlag 2009. Lagt fram til kynningar.
- d. FSU: Ályktun v. útibú FSU í Rangárþingi. Lagt fram til kynningar.
- e. Karlakórinn Prestir: Þakkarbréf frá október s.l. Lagt fram til kynningar.
- f. Sambandið: 768. fundur stjórnar frá 30. okt. s.l. Lagt fram til kynningar.
- g. Sambandið: Minnisblað frá 10. nóv. minnisblað með fjárlagafrumvarpi. 3. fundur. Lagt fram til kynningar.
- h. Sambandið: Verkfallslisti, bréf frá 9. nóvember s.l. Lagt fram til kynningar.
- i. Stígamót: Fjárbeiðni 2010 Lagt fram til kynningar.
- j. UMFÍ: Samþykktir frá 46. sambandsþingi. Lagt fram til kynningar.
- k. Æskulýðssjóður: Umsókn v. félagsmiðstöðvar Lagt fram til kynningar.
- l. Menntamálaráðuneytið: Fjöldi skóladaga í grunnskóla 2008-2009 Lagt fram til kynningar.
- m. HSK: Bréf frá 23. nóv. s.l. Lagt fram til kynningar.
- n. Námsgagnsstofnun: Umræðufundur í vetur. Lagt fram til kynningar.
- o. Landskerfi bókasafna: Samþætt leitarvél fyrir Ísland bréf frá 30. nóv. sl. Lagt fram til kynningar.
- p. Rangárþing ytra: Bréf v. sóknaráætlunar 20/200 Lagt fram til kynningar.

Skýrslur liggja frammi á skrifstofu:

1. Félags- og Tryggingamálaráðuneytið: Rannsókn v. ofbeldis karla gegn konum.
 2. Heilbrigðisstofnun Suðurlands: Ársskýrsla 2008.
- Sveitarstjóri sagði frá undirbúningi ársreiknings fyrir árið 2009 og ábendingum sem KPMG hefur lagt fram í nóvember.

- Sveitarstjóri sagði einnig frá tillögu Ólafs Björnssonar, hrl. v. landsskipta á Laugalandi. Oddvita og sveitarstjóra falið að vinna áfram að málinu.
-

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17.50